



Hafnarfjörður

Reglur um samráðshóps um málefni fatlaðs fólks í Hafnarfirði

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks starfar í umboði bæjarráðs og á grundvelli 2. mgr. 42. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 240/2021, með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir hverju sinni.

2. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður sjö fulltrúum:

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn kýs formann samráðshópsins en hópurinn sjálfur kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími samráðshópsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Starfsmaður fjölskyldu- og barnamálsasviðs situr fundi samráðshópsins og hefur þar málfrælsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks skal að jafnaði funda sjö sinnum á ári. Heimilt er að halda aukafund ef þörf er á.

Starfsmaður fjölskyldu- og barnamálsasviðs boðar til funda í samráði við formann. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Formaður stýrir fundum. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í samráðshópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hópsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda óska eftir að samráðshópurinn fjalli um.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á. Samráðshópurinn getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar mæti til fundar, sem og aðrir sem hópurinn telur þörf á hverju sinni.

4. gr.

Fundur samráðshóps um málefni fatlaðs fólks skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.



Hafnarfjörður

Samráðshópurinn skal rita fundargerð og senda afrit fundargerða til fjölskylduráðs.

5. gr.

Gert er ráð fyrir að fjölskylduráð eigi fund með samráðshópnum árlega. Þá er þess enn fremur vænst að samráðshópurinn leggi fram skýrslu um starfsemi sína og kynni.

Fjölskyldu- og barnamálsasviðs tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í samráðshópnum.

III. Kafli Hlutverk og markmið

6. gr.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Hafnarfjarðarkaupstaðar um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Samráðshópurinn stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk.

Markmiðið með starfi samráðshópsins er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Hafnarfirði með virkri aðkomu fatlaðs fólks að skipulagi og mótun þjónustunnar.

7. gr.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er einkum að:

- Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks í Hafnarfirði, sbr. 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við fatlað fólk í Hafnarfirði í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur, sbr. 1. másl. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
- Koma á framfæri hugmyndum og tillögum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk í Hafnarfirði og ábendingum um gerð reglna um þjónustu.

Samráðshópurinn fjallar ekki um málefni einstaklinga.

IV. kafli

Gildistaka

8. gr.

Reglur þessar byggja á ákvæðum laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði þann 16. apríl 2024

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn þann 24. apríl 2024 og öðlast gildi þann sama dag.